



## FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA ÞINGEYINGA

KETILSBRAUT 22 • SÍMI 464 1430 • BRÉFSÍMI 464 2430 • 640 HÚSAVÍK

Húsavík 19.11.2005

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/186*  
*komudagur 28.11.2005*

Umsögn um þingskjal 14 – 14. mál  
132. löggjafarþing 2005-2006

Tillaga til þingsályktunar

Um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga fékk umrætt þingmál til umsagnar og var undirrituðum falið verkefnið.

Umdæmi Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga nær yfir báðar Þingeyjarsýslur, Húsavík og Bakkafjörð. Á svæðinu eru níu grunnskólar, með u.þ.b. 780 nemendur haustið 2005.

Á þessu svæði er starfandi einn menntaður námsráðgjafi, þ.e. við grunnskólann á Húsavík. Samkvæmt upplýsingum er einn menntaður námsráðgjafi á svæðinu frá Akureyri til Egilsstaða. Aðrir skólar hafa enga eða mjög litla fræðslu í þessu efni.

Við lýsum ánægju með að tillaga þessi er lögð fram og eindreginni von um að hún hljóti afgreiðslu og nefndin skili af sér á tilsettum tíma.

Í greinargerðinni frá 131. löggjafarþingi er rætt um brottfall nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi sem flestir eru sammála um að er vandamál.

Í okkar starfi verðum við líka oft vör við nemendur sem eru að eða eru horfnir frá námi í efstu bekkjum grunnskólans. Þessir nemendur búa oft á tíðum við margs konar örðugleika í persónulegu lífi, sem snertir félagslega stöðu og nám og skólinn hefur ekki styrkleika/úrræði til þess að mæta þeim þar sem þeir eru staddir. Við tökum undir það að náms- og starfsráðgjöf er úrræði gegn brottfalli. Teymi námsráðgjafa, foreldra, kennara, kennsluráðgjafa og nemandans sjálfs er t.d. nokkuð sem við höfum oft óskað okkur hér að gæti verið úrræði.

Í greinargerðinni er vitnað í umsagnir nefnda, frá 1998, um eflingu náms- og starfsráðgjafar og frá 1991 um markmið og leiðir námsráðgjöf og starfsfræðslu.

Við erum sammála þeirri umræðu og teljum þetta m.a. rökstyðja nauðsyn þess að efla námsframboð fyrir náms- og starfsráðgjafa. Í flóknu samfélagi nútímans þar sem sérhæfing á flestum sviðum atvinnulífs er staðreynd en jafnframt auknir möguleikar að finna störf við hæfi er erfiðara en áður var að fóta sig og finna nám og starf sem mætir getu og löngun hvers og eins.

Í kaflanum „Opinber stefnumótun“ kemur m.a. fram tillaga nefndarinnar frá 1998 um að náms og starfsfræðsla verði skyldunámsgrein í 8.-10. bekk grunnskóla og að framhaldsskólar bjóði skylduáfanga og valáfanga í náms- og starfsfræðslu. Að okkar mati er tillagan góð en útfæra þarf vel framkvæmdina t.d. erfitt að bæta sífellt við markmiðum og námsefni án þess að taka annað út. Kennsluna ættu einungis menntaðir náms- og starfsráðgjafar að sjá um. Þessi þáttur er ekki inni í kennaramenntun og það sérhæfður að ekki er ástæða til að bæta honum inn í almennt kennaranám, þótt ýmis atriði verði alltaf samstarfsverkefni þessara stétta ef vel á að vera.

Í kaflanum „Óskýr lagarammi“ tökum við undir nauðsyn skilgreiningar á hlutverki/starfi náms- og starfsráðgjafa og nauðsyn laga og reglugerðasetninga. Samkvæmt upplýsingum frá starfandi námsráðgjafa er talan 300 nemendur á hvern námsráðgjafa ásætlanleg. Hér á okkar starfssvæði er t.d. að okkar mati nauðsyn að hafa náms- og starfsráðgjafa fyrir grunnskólann á Húsavík með 350-400 nem. og annan fyrir minni skólana 300 - 400 nemendur. Hvort löggilda á starfsheitið er athugandi.

Um Eflingu náms- og starfsfræðslu tókum við heilshugar undir það sem fram kemur í kaflanum.

Á landsbyggðinni sem annars staðar er kostnaðarsamt að senda nemendur í framhaldsskóla. Það sem oft er erfiðast fyrir nemendur sem þurfa að flytja frá heimilum sínum, sum um langan veg er að missa þann daglega stuðning sem þau búa við á heimilum foreldra sinna. Því er mikilvægt að þau séu eins vel undir breytinguna búin sem kostur er. Stytting náms til stúdentsprófs krefst enn meiri áherslu á þetta atriði.

Á landsbyggðinni er mikil nauðsyn á starfandi náms- og starfsráðgjafa við grunn – og framhaldsskóla. Aukin tækni sem vænst er í fjarfundabúnaði eykur t.d. möguleika á fjarnámi í dreifðum byggðum og þar með möguleika grunnskólanemenda að taka framhaldsskólaáfanga eins og nokkuð er um á hverju ári nú þegar.

Áætluð stytting náms til stúdentsprófs og aukin áhersla á verk- og listgreinar, hlýtur að verða aðgerð í því samhengi af hálfu yfirvalda menntamála. Þar er mikil nauðsyn að starf náms- og starfsráðgjafa eflist ekki síður en kennaramenntunin í tilvitnunum í doktorsritgerð Guðbjargar Vilhjálmsdóttur í kaflanum Mikilvægar vísbendingar koma fram miklar upplýsingar um stöðu mála í náms- og starfsfræðslu 1995 og gott að vita til þess að rannsókn er haldið áfram.

Á hinum Norðurlöndunum virðist sem náms- og starfsráðgjöf sé í endurskoðun og nauðsynlegt að fylgjast með þróun þeirra mála áfram.

Í Niðurstöðukaflanum kemur m.a. fram að fleiri sérfræðingar innan skólanna sinni náms- og starfsráðgjöf. Af reynslu okkar hér er þeim starfsmönnum ekki til að dreifa sem hafa menntun eða hlutverk í þessu efni og því hefur þessi fræðsla farist fyrir þar sem ekki er námsráðgjafi.

Með þestu kveðjum

  
Þórhildur Sigurðardóttir sérkennsluráðgjafi FSP